

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Vestmannaeyjum á tilteknum verkefnum án staðfestingar byggingarnefndar.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, eftirtalin verkefni:

1. Teikningar vegna brunamála.
2. Teikningar vegna minniháttar útlits- og innréttingabreytinga.
3. Teikningar vegna minniháttar breytinga sem verða á mannvirki við framkvæmd.
4. Umsóknir um uppsetningu girðinga.
5. Umsóknir um niðurrif húsa.
6. Útgáfa framkvæmdaleyfis.
7. Viðurkenning iðnmeistara.
8. Númerabreytingar á lóðum.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi um afgreiðslu máls skulu þó líða a.m.k. 7 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

3. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa, skv. samþykkt þessari gilda ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingu nr. 47/1990.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu byggingarnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Hann getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra, sbr. 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu gr. sbr. og 16. gr. laganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.